



Umhverfis- og loftslagsstefna 2020–24


Tekið fyrir í framkvæmdastjórn 1. febrúar. Sett í samráðsgátt 7. febrúar 2022. Lögð fyrir framkvæmdastjórn í uppfærðri mynd 22. febrúar.

Framtíðarsýn og markmið

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða heldur neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Til þess nýtir hún græn skref Umhverfisstofnunar sem aðgerðaáætlun. Stefnt er að því að ná þremur grænum skrefum fyrir árslok 2023, eins og kemur fram í *Stefnu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða 2020–23*. Þó stefna stofnunarinnar til 2024 liggja ekki fyrir er hér gert ráð fyrir að 4. skrefinu verði náð það ár. Útblástur gróðurhúsalofttegunda skal vera minni í lok árs 2024 en hún var 2021.

Umhverfisnefnd

Stofnuð er umhverfisnefnd sem í eiga sæti forstjóri, innkaupastjóri á Ísafirði, rekstrarstjóri á Patreksfirði, fulltrúi eldhúss á Ísafirði, ræstingastjóri á Ísafirði og fulltrúi fjármálasviðs. Forstjóri fer fyrir nefndinni. Nefndin skilar fundargerðum til framkvæmdastjórnar. Helsta hlutverk hennar er að innleiða græn skref og skila umhverfisbókhaldi.



Bókhald

Umhverfis- og loftslagsstefnan fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila en jafnframt um umhverfisáhrif stofnunarinnar í víðara samhengi. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs á bifreiðum stofnunar og langleigubílum (reiknað út frá keyptum olíulítrum)
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða starfsmanna, einkum innanlands (reiknað út frá keyptum flugferðum)
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna sjúkraflugs
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunarinn gerir við starfsmenn [ath]
- Stigafjöldi í hjólavottun fyrir Ísafjörð, Patreksfjörð og Bolungarvík



- Fjölgum ekki bílastæðum, fækkum þeim ef eitthvað er
- Rafmagns- og heitavatnsnotkun á starfsstöðvum á Ísafirði og Patreksfirði
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til á öllum Ísafirði, Patreksfirði, Bolungarvík og Þingeyri.
- Magn keypts skrifstofupappírs á öllum starfsstöðvum
- Magn glaðlofts
- Hlutfall (mælt í krónum) umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf á Ísafirði og Patreksfirði
- Fækkum pappírsferlum, en sérstaklega óþörfum heimsóknum sem eru ekki vegna heilbrigðisþjónustu (einkum vegna vottorða)
- Staða grænna skrefa.

Eftirfylgni

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Fjármálasvið sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við umhverfisnefnd. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af umhverfisnefnd og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður græns bókhalds liggja fyrir. Meiriháttar uppfærslur verða lagðar fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar.

Niðurstöðu græns bókhalds eru birtar á vef eftir því sem þurfa þykir.